

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjallabyggð.

Deiliskipulag hafnarsvæðis á Siglufirði, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn samþykkti 11. júní 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Siglufirði. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits Tjarnargötu 18 til norðurs og settir eru fram skilmálar um hámarkshæð og nýtingarhlutfall á lóðinni.

Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag frístundasvæðis á Saurbæjarási á Siglufirði, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn samþykkti 15. janúar 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Saurbæjarás á Siglufirði. Breytingartillagan tekur til færslu á skilgreindum byggingarreit á lóðinni Skógarstíg 2, á skilgreindu svæði 1, um 10 metra til austurs.

Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag fyrir Hvanneyrarbraut 30, Siglufirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 20. maí 2020 deiliskipulag fyrir Hvanneyrarbraut 30 á Siglufirði. Skipulagssvæðið er skilgreint í aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 sem íbúðarsvæði.

Málsmeðferð var í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 2. febrúar 2021.

Helga Íris Ingólfssdóttir, skipulags- og tæknifulltrúi.